

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 27. September 2010.

Mættir voru:

Ásdís, Erla Rán, Höskuldur, Inga og Sigríður

Stjórnin byrjaði á að skipta með sér verkum. Verkaskipting varð eftirfarandi:

Vaka Formaður

Ásdís varaformaður

Inga Gjaldkeri

Erla Rán Ritari

Höskuldur fulltrúi í Samtaka (Sigríður til vara þar sem Höskuldur er sjómaður)

Næstu verkefni stjórnarinnar eru innheimta félagsgjalda og fundur með bekkjarfulltrúum.

- Erla Rán ritari ætlar að útbúa rukkunar póst á foreldra og senda út sem fyrst. Gjald verður 2000 krónur pr. heimili.
- Fundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn næstkomandi mánudag 4. október.
 - Vaka ætlar að sjá um fundinn
 - hugmynd kom upp á fundinum að skipta vetrinum niður í þrjú tímabil og skipta árganginum niður í þrjá hluta eftir stafrófsröð og hver hluti sér um einn viðburð.

Foreldrafélagið hafði fyrirhugað að kaupa borðtennisborð fyrir skólann en skólanum hefur borist borð þannig að upp komu hugmyndir um að kaupa fótboltaspil sem hægt væri að setja ofan á kennsluborðin. Skoða á málið og ræða síðar.

Niðurstöður úr umræðum foreldra á aðalfundi foreldrafélagsins:

Jákvætt	Neikvætt
Upplýsingaflæði gott IIIIIII	mötuneytið IIIIIIIII
Kostur að þurfa ekki að kaupa inn skólavörur III	vantar íþróttahús/sundlaug I
Góð samskipti III	Niðurfelling á tímum – fá forfallakennara í staðinn – sérstaklega í sundi og íþróttum. I
Jákvætt andrúmsloft í skólanum II	vantar aukið eftirlit í búningssklefa í sundi og íþróttum I
Frábærir kennarar/starfsfólk II	Maturinn hugsaður sem leikskólamatur
Hátt hlutfall karla í skólstarfinu I	vantar tómatssósu með fiski
útiskóli/útiíþróttir I	vantar að samræma nestismál – foreldrar ekki meðvitaðir um reglur
Góð samskipti í gegnum skjatta I	Afmælisreglur – ath. Jafnvægi í boðsgestum og gjöfum
auðvelt aðgengi að starfsfólki I	Mentor ekki notaður nóg
hollari matur	Hávaðahöfuðverkur í nemendum
Skólapeysur	Börnum hleypt fyrr heim og uppl. Um það sent í tölvupósti. Sumir foreldrar skoða ekki póstinn
Heimilislegt andrúmsloft	sinn fyrr en á kvöldin
Skólinn til fyrirmyndar í alla staði	Of lítil samskipti á milli foreldra
Allir að vilja gerðir að hafa skólann góðan	Stækkun Naustaskóla
gagnkvæm virðing á meðal nemenda og starfsfólks	Umferðarhraði í kringum skólann.
allir velkomnir alltaf í skólann	vantar félagssmiðstöð í hverfinu
stefna skólans	Lýsingu vantar við leikskóla
samvera	
ávaxtaáskrift	
góð nýting á skólalóð	

gangbrautavarsla húsnæði hraðahindranir	Hjólagrindur vanta Fatasnagar of þröngir Afmarka skólalóð betur og auka gæslu
Athugasemdir Ekki svarað í síma þrátt fyrir ítrekaðar hringingar (föstudagurinn 10. Sept.) starfsfólk Frístundar þyrfti að vera með síma út þegar allir eru úti 8. bekkur: Kallað eftir auknu samstarfi við nágrannaskólana. Erum sammála um að þetta sé líka hlutverk foreldranna, en skólinn þarf samt líka að hjálpa til í byrjun. Börnin upplifa sig of fá og ekki með.	

Ýmis önnur hagsmunamál foreldra voru rædd á fundinum

- Fulltrúar í foreldrafélagi ánægðir með hvernig skólastarfið fer af stað í haust og eru sérstaklega ánægðir með áætlanir sem krakkarnir gera sjálf.
- Netaðgengi barna rætt og Erla Rán tók að sér að ræða við Ágúst skólustjóra um að setja upplýsingar í næsta fréttabréf um hvernig hægt sé að takmarka aðgang að Netinu.